



# Frá tækifærum til tekjusköpunar

13.-14. október 2011

Samantekt: Málstofa B

Sigríður Ólafsdóttir,  
sérfræðingur og stundakennari við HÍ



# Frá tækifærum til tekjusköpunar

13.-14. október 2011

Samantekt: Málstofa B

## Sóknarfæri í veiðitækni

Málstofustjóri: Halla Jónsdóttir

# Tæknistig í veiðitækni

Einar Hreinsson, Hafró

- Hvað vitum við um veiðiaðferðirnar:

Virgni aðferðanna ekki vitað og kjörhæfni er slök

Við getum lítið gripið inn í veiðiferlið

- Rök fyrir nauðsyn þess að bæta þær:

Mikil hagræðing ef aukin er virkni veiðitækninna

- Hvernig má takast á við slíkt viðfangsefni:


Sóknarfærin eru ofan í sjónum: Við þurfum að vita hvað við erum að gera neðansjár og að geta stjórnað því betur

- **Niðurstaða:**

-Kjörhæfnina þarf að bæta

-Skilvirkni í veiðunum mun leiða til aukinnar arðsemi

-Draga þarf úr umhverfisáhrifum



Sóknarfæri í veiðitækni

# Kjörhæfni, staða og sóknarfæri

Ólafur Arnar Ingólfsson, Hafró

➤ Hvers vegna stærðarval:

Velja stærðir

- Viðhalda stofnstærð
- Minni sóðaskapur
- Markaðsástæður

Velja tegundir

- Veiðiheimildir
- Ofveiði / friðun
- Markaðsástæður

Kjörhæfni við fiskveiðar er það ferli sem veldur því að aflsamsetning er önnur en stærðar- og tegundasamsetning á veiðisvæðinu þar sem veiðarfærinu er beitt

- Tegunda- og stærðarval veiðarfæra-

➤ Staðan:

- Við höfum takmörkuð úrræði, getum ekki uppfyllt þær kröfur sem settar eru
- Við eigum erfitt með að fínstilla veiðarnar, nýtni léleg, ef til vill óásættanleg.

➤ Lausn:

- Þekkingarsköpun
- Minnka fúskið


Sóknarfæri í veiðitækni



# Umhverfisáhrif veiðarfæra: Staða og sóknarfæri

Haraldur Einarsson, Hafró

- Öll veiðafæri hafa kosti og galla
- Af hverju að lágmarka umhverfisáhrif veiðarfæra?
  1. Viljum sýna fram á að við stundum ábyrgar veiðar
  2. Við viljum að fiskistofnar okkar dafni
- ISEC úttekt á umhverfisáhrifum mismunandi veiðarfæra.
- **Sóknarfærin:**
  - Í upplýsingaöflun t.d. með skilum rafrænna afladagbóka.
  - Rannsóknir (kortleggja búsvæði)
  - Veiðarfæraþróun (auka kjörhæfni og veiðni veiðarfæra)



Sóknarfæri í veiðitækni

# Þróun veiðafæra

Jón Einar Marteinson, Fjarðanet hf

- Iðnaðurinn breyst: Áður mörg lítil verkstæði en núna færri og stærri fyrirtæki:
  - Aukin þjónusta, aukin áhersla á þróun.
- **Þróun: Auka veiðihæfni, hagkvæmni, nýta tækifæri í veiðunum, leysa vandamál við veiðar (ánetjun, skiljur til að flokka fisk, ein lausn leiðir oft af sér aðra), nýjar veiðiaðferðir.**
- Veiðarfæri og veiðiaðferðir lítið breyst í gegnum tíðina,
  - Ný og betri efni til veiðarfæragerðar, nýjir möguleikar í hönnun, framþróun í vörum til veiðarfæra og flokkun á fiskum (skiljur).
- Þróun veiðarfæra (ferlið, frá netaverkstæði í fiskiskip).
- **Mikilvægi samvinnu allra aðila, samvinnuð þekking og reynsla nýtt.**

Sóknarfæri í veiðitækni

# Meiri gæði, meira virði

Halldór Ármannsson, Þensla ehf

- Reynsla úr veiðunum notuð til að koma inn á mikilvægi gæði vörunnar.
- Áhersla á:
  - Sóknarfæri í veiðitækni
  - Hámarka gæði vörunnar í meðferð afla
  - Vottun vörunnar



Sóknarfæri í veiðitækni



# Frá tækifærum til tekjusköpunar

13.-14. október 2011

Samantekt: Málstofa B

## Vörupróun

Málstofustjóri: Anna Kristín Daniélsdóttir






# Ferskar afurðir -fersk vöruþróun

Sveinn Margeirsson, Matís ohf.

- Þróun eldis og veiða á Íslandi borin saman við það sem við það sem er að gerast á alheimsvísu.
- Verðmætaukning mikil síðan 2003.
- Vöruþróun hjá Matís, t.d.
  - kæliverkefni,
  - nýjar afurðir þ.m.t. þari, makrill, fiskisósa og
  - greiningartæki fyrir óæskilegar örverur
- Mikilvægi upplýsingamiðlunar til almennings.
- Vöruþróun í sjávarútvegi hefur áhrif á viðhorf almennings til bransans.
- **Mikilvægt í sjávarútvegi hér á landi:**
  - Fylgja eftir viðhorfsbreytingum almennings (straumbreytingar í viðhorfum)
  - Sérstaða íslensks sjávarútvegs (góð nýting og heilnæmi)
  - Þekkingarstig hér á landi og öflugt samstarf
  - Efla rannsóknir



Vöruþróun



# Vöruþróun í síld

## Guðmundur Stefánsson, Fram Foods

- Fyrirtæki í SV-Finnlandi: Sérhæfð síldarverksmiðja:
  - Edikverkuð og söltuð síld og sósur
- Selt undir eigin vörumerki og undir merkjum stórmarkaða (Finnland og Svíþjóð)
- Heildarvelta Boyfood 16,7 milljónir Euros.
- Vöruþróun: Eru að fást við rótgróinn markað en mikil vöruþróun í gangi (30-40% nýjar vörur á markað á hverju ári)
- **Geta falist tækifæri fyrir íslenskan sjávarútveg í síld?**
  - Íslensk síld er enn mikils metin á mörkuðum en erfitt er að fá síld héðan.
  - Lítið af síld, 1-2%, fer í söltun hér heima.
  - Fyrirtækin þyrftu að þróa vinnsluaðferðir og lítil hefð fyrir fullvinnsluframléiðslu hér á landi.
  - Lítill þekking hér á þörfum stórmarkaða og flutningskostnaður hár.


Vöruþróun



# Vöruþróun á líftækniáfurðum

Hörður Kristinsson, Matís ohf

- Lífefnaauðlegð á Íslandi, miklir möguleikar
- **Af hverju lífefni úr sjávarfangi?**
  - Auknir tekjumöguleikar
  - Margir notkunarmöguleikar
  - Heilsusamleg áhrif
  - Umhverfisleg áhrif
- Markfæðismarkaðurinn er gríðarlega mikilvægur (íblöndunarefni í matvæli, til að gera þau meira aðlaðandi). Dæmi: Heilsufæði með íblöndun (Omega3 blandað í margar vörur)
- Dýrafóður: Mikil tækifæri
- Vinna frumvöru upp í lokavöru skapar gríðarleg verðmæti.
- Matís er að prófa sig áfram með vinnsluaðferðir og virkni efna t.d. í slógi, hryggleysingjum, brjóskdýrum og þörungum.



Vöruþróun



# Vöruþróun í saltfiski

Erla Ósk Pétursdóttir, Vísir hf.

- Þróun í verkun saltfisks hefur verið mikil og gæði aukist
- Rannsóknir hafa leitt í ljós að fiskur veiddur á ákveðnum mánuðuðum ársins hentar betur til saltfisksvinnslu.
- Breytingar á framleiðslu og sjósókn er í beinu samræmi við breytingar á kröfum kaupanda.
- Nýbúið að stofna Samtök íslenskra saltfisksframleiðenda.
- Áhersla á að fullnýta afla, rekjanleika vöru, endurnýta saltið og auka samstarf milli rannsóknaraðila og framleiðanda.
- Áhyggjuefni: Skortur á hráefni og að áhersla á veiðar þegar gæði fiskjarins eru ekki upp á það besta.

Vöruþróun





# Umræður gærdagsins

- **Leit...** að fiski í óravíddum myrkurs sjávar og viðskiptatækifærum í mörkuðum fjarlægum landa.
  - Við erum ekkert sérlega skilvirk í að ná í fiskinn eða í tækifærin
    - Það er mikið til af fiski í kringum Íslandsstrendur en virkni veiðarfæra er ekki í samræmi við það sem ætlast er til af veiðunum
    - Tækifæri í þróun og sölu sjávarafurða eru gríðarmikil en við vitum yfirleitt ekki nákvæmlega hvað tækifærin fela í sér og hvernig við berum okkur að til að ná í þau.
- Þekking er forsendan fyrir því að greinum þessi tækifæri og náum að hagnýta okkur þau.
  - Aukið samstarf og stöðuleiki í sjávarútvegi munu verða útvegnum til góða til lengri tíma lítið.
  - Virðisaukning í sjávarútvegi verður í framtíðinni byggð á þróunarsamvinnu, og rannsóknum, möguleikum íslenskra fyrirtækja til að svara eftirspurn neytenda og bættu/aukinni nýtingu auðlindarinnar.

Veiðitækni og vöruþróun



# Frá tækifærum til tekjusköpunar

13.-14. október 2011

Samantekt: Málstofa B

## Tækifæri erlendis

Fundarstjóri: Elín Björg Ragnarsdóttir

# Hvernig varð vörumerkið Icelandic® í USA til?

Magnús Gústafsson, Atlantika, Inc.

- Saga Icelandic hófst um miðja síðustu öld:
  - Menn áttuðu sig á að sérstöðu fisksins og hvata í öflugum söluferli
  - Icelandic vörumerkið varð til vegna línuveidds ofurferks fisks, vegna eldmóðs sölumanna, en síðast en ekki síst vegna þess að varan og þjónustan stóðu undir nafni þegar til lengri tíma var litið.
- Afurð með ímynd krefst ásetnings og úthalds en gefur af sér hátt verðgildi í tilteknu vörumerki
  - Varan er fulltrúi fyrirtækisins
- Velgengni er fallvölt, blindar menn:
  - Algengasta orsök alvarlegra mistaka í rekstri er velgengni.

Tækifæri erlendis

# Útgerð í Austur-Evrópu: Reynslusaga um menningarmun

Bjartmar Pétursson, Fishproducts Iceland ehf

- Stofnár 2004: Innleiða íslenska verkþekkingu, tækni og vinnubrögð um borð í Austur- Evrópskum frystitogurum.
- Saga Mecklenburger Hochseafisherei GmbH
  - Erfiðleikar sem stöfuðu af mismunandi menningarbakgrunni í rekstri
  - Mikill árangur í mörgum löndum með tækniinnleiðingu og þekkingu
  - Árangurinn byggir enn fremur á að geta yfirstigið menningarmun
- Leiðir til árangurs:
  - Setja sig í spor viðsemjandans og reyna að skilja aðstæður
  - Byggja upp traust
  - Hafa tíma, þolinmæði og fjármagn

Tækifæri erlendis



# Samkeppnisstaða íslenskra sjávarafurða –Er Ísland enn með forskot?

Helgi Anton Eiríksson, Iceland Seafood International

- Staða Íslands í heimsframboði
  - 17. umsvifamesta fiskveiðipjóð heims. Það hefur dregið hlutfallslega úr veiðum Íslendinga
  - Þó svo að staða okkar sé sterk þá þurfum við að vera vel á verði
  - Ytri markaðsskilyrði eru Íslandi í hag
  - Við þurfum að velja okkar markaði vel
  - Þurfum að huga að sameiginlegu og skipulögðu markaðsstarfi aðila hér.
  - Horfa lengra en veiðar og frumvinnsla
  - Vottun
- Ísland þarf að skoða sérstaklega áreiðanleika, gæði og ímynd vörunnar.

Tækifæri erlendis



# Frá tækifærum til tekjusköpunar

13.-14. október 2011

Samantekt: Málstofa B


## Sjávarklasinn á Íslandi

Fundarstjóri: Stefanía Katrín Karlsdóttir

# Umfang og mikilvægi sjávarklasans á Íslandi. Hver er líkleg þróun til ársins 2025?

Jóhann Jónasson, 3x Technology

*Íslenski sjávarklasinn er samstarfsvettvangur fyrirtækja í haftengdri starfsemi sem hefur að markmiði að efla samstarf um haftengda starfsemi á Íslandi og kynna þau tækifæri sem margháttuð starfsemi sjávarklasans getur falið í sér.*



- Bráðlega mun líklega 1/3 hver króna koma frá sjávarútvegi og tengdum greinum
- Þróun starfa í vaxandi útflutningsgreinum sjávarklasans.
- Skapa þarf sátt í sjávarútvegi og skoða þarf sérstaklega þá þætti sem er ábótavant/hafa farið halloka sl. árin.

Sjávarklasinn á Íslandi

# Stefnumörkun og sviðsmyndir Sjávarklasans – Markmið og framkvæmd

Sævar Kristinsson, Netspor

- Smæð fyrirtækja hér ekki vandamál heldur frekar einangrun þeirra. Klasar ná að rjúfa einangrun fyrirtækja og þau ná að nýta sér styrk hvers annars.
- Árangursríkir klasar:
  - Skapa traust og tengsl milli fyrirtækja
  - Byggja upp möguleika á hagkvæmni stærðar
  - Auka viðskiptavild og samkeppnishæfni
  - Laða að viðskiptavini og fjárfesta
  - Byggja upp nýja þekkingu og hæfni – umhverfi nýsköpunar
  - Móta árangursríka starfshætti og góða innviði
  - Efla samstarf í fjárfestingum milli fyrirtækja
- Framtíðarsýn og stefnumótun er lykillinn að árangri

Sjávarklasinn á Íslandi




# Margföldunaráhrif sjávarklasans á Íslandi: Gírum hugvitið!

Pétur Einarsson, Straumur

Sjávarklasinn stofnaður 2011.

- Rannsóknarverkefni Þórs Sigfússonar hjá HÍ
- Um 20 bakhjarlar
- Fyrst í stað kortleggja alla greinina
- Auka meðvitund og samstarf
- Bæta, breyta og breikka ímynd



Sjávarklasinn á Íslandi

# Umræður dagsins

- Unnið með sviðsmyndir og langtímastefnumótun til að ná árangri í framtíðinni.
- Markmið Íslendinga: Að ná hámarksárangri en á sama tíma að við séum meðvituð um hvert við stefnum. Byggir á að við séum aðilar sem:
  - eru traustsins verðir
  - tökum ígrundaðar ákvarðanir
  - eru samtaka og samkvæm sjálfum okkur
- Hvernig á að tengja saman stjórnvöld og aðra hagsmunaaðila í stefnumótunarvinnu fyrir sjávarútveg?
- Hugvitið skapar gríðarleg verðmæti

Tækifæri erlendis og Sjávarklasinn á Íslandi



# Hin raunverulegu auðæfi landsmanna

